

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Ketilsstaðir, Unalækur, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Bætt er við 24.000 m² efnistökusvæði á bökkum Grímsár í landi Ketilsstaða á Völlum (áætlað efnismagn 36.000-48.000 m³) en svæðið var áður skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Jafnframt breytist 3,3 ha landbúnaðarsvæði við Lagarfljót í svæði fyrir frístundabyggð.
- 70 ha landbúnaðarsvæði í landi Unalæks breytist í blandaða landnotkun frístundabyggðar, íbúðarbyggðar og opins svæðis til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. júlí 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2006